

ALHEIMUR OG ÍSLAND

I

Vér getum hugsað oss tilveruna sem öldu af öldu, út frá því sem öllu kemur af stað, því sem hinn mikli vitringur og vísindamaður Aristoteles nefndi „to próton kínún“: hið frumhreyfanda. Hver alda eða tilveruhringur, skapar nýja öldu út frá sér. Vér hér á jörðu erum mjög utarlega í þessu sköpunarverki, og vér megum ekki ímynda oss, að það séum vér einir, sem erum í þessum tilveruhring. Það er eitthvað annað. Í sólnasambandi því, sem vér nefnum vetrarbraut, eru eftir nýjustu rannsóknum, kringum 30.000 milljónir af lýsandi sólum, og það er mjög varlega áætlað, að í öllum þeim milljónum sólhverfa, sem eru í vetrarbrautinni, séu 100 jarðir svipaðar vorri og byggðar af svipuðum mannkynjum. Menn vita nú af framundir 2 milljónum vetrarbrauta, sem eru dreifðar um geiminn með 1—2 milljóna ljósára millibili og er rúmt um hverja eins og sjá má af því, að það er rúm ljós-sekúnda til tunglsins, en $8\frac{1}{2}$ ljósmínúta til sólarinnar, héðan af jörðu. Menn geta af því sem sagt var, ráðið að jarðir svipaðar vorri muni vera býsna margar, og ber þó enn að athuga, að telja má víst, að menn þekki aðeins örlítið brot af þeim vetrarbrautum, sem til eru. Mannkyn lík voru verður því sennilega að telja ekki aðeins í billjónum, heldur trilljónum, eða ennþá hærri tölu, svo að vor tilveruhringur er býsna víður.

II

Á þessum tilveruhring hefir framför sköpunarverksins strandað. Má gera mjög ljóst og skiljanlegt, hvernig á því stendur. Mannkynið hér á jörðu, er getið og fætt, eins og

kunnugt er, á sér foreldra, hér má tala um hið fædda líf, vita nata. Hvert líf mistekst. Proskatíminn er stuttur, en hrörnun löng, ef við elli er að fást. Menn lifa þó, þrátt fyrir dauðann, og eru eftir dauðann alveg eins líkamlegir og jarðneskir og áður, aðeins er um aðra jörð að ræða, og hinn nýi líkami er ekki fæddur, heldur vex í skjótri svipan á afslvæði, er materialiseraður eða regenereraður, án þess að nýir foreldrar komi til sögunnar (vita regenerata). Nú er það lögmal, að þeir verða saman í framlífinu, vita regenerata, sem líkir eru, og má því skilja, að mörg mannfélög framlífsins muni vera býsna leið og ömurleg, þar sem saman eru komnir eintómir misendismenn. En allraverst verður þar, sem safnast saman allir hinir mestu níðingar og illmenni, stórlæpamennirnir á jörðum hins fædda lífs. Má vissulega heita helviti þar sem slík mannfélög eru. Þar er lifað alveg þvert gegn tilgangi lífsins, sá sem verstur er, ræður þar mestu, velvild og miskunnssemi er þar ekki til, en öll viðleitni miðar að því að kvelja aðra sem mest, til að ná frá þeim kröftum þeirra og magna sjálfa sig þannig. Mun ég lýsa þessu nákvæmlega í bókum þeim, sem ég er að undirbúa: „Cosmic Biology“ (Alheimslíffræði) og „Á framleið“.

III

Helvítin eru aðalgallinn á alheiminum, og við þann galla hefir ekki orðið ráðið. Enginn fæðist á slikum stöðum, en menn geta dáið burt þaðan, þegar nokkur hugarfarsbreyting verður til batnaðar, en skörðin sem verða, þegar menn deyja burt úr kvalastöðunum eru fyllt (og fram yfir það), á þá leið, að illmennin frá ótolulegum grúua af jörðum deyja til helvítis, fá þar nýjan líkama. Frá jörðunum í vorum tilveruhring er stöðugur innflytjendastraumur til helvítanna og allskonar ömurlegra tilverustaða í því nágrenni.

Eða með öðrum orðum, út frá vorum tilveruhring hins getna og fædda lífs, vaxa aðrir ennþá miklu verri tilveruhringir hins endurlíkamaða (regenereraða) lífs. En meðan þannig gengur, verður tilganginum með sköpunarverkinu ekki náð, heimurinn getur ekki komist á brautina til alfull-

komnunar. Þegar út í vorn tilveruhring er komið, nær hið guðlega ekki að hafa fulla stjórn. Hið stærsta alheimsverkfni er nú að ráða bót á þessu, og að því er beint feiknakröftum frá hinum góðu tilverustöðum. Það, sem þarf að ávinna, er að koma lífinu á vorri jörð og öðrum slíkum, í það horf, að þaðan vaxi ekki verri tilveruhringir, eða m. ö. o. að menn deyi frá slíkum jörðum upp á við, en ekki niður á við. Innflytjendastraumnum til hinna illu staða verður að vera lokið, hið endurlíkamaða líf, vita regenerata, á alltaf að vera upp á við.

IV

Á þessum sannleik, sem nú hefir verið nokkuð af sagt, byggjast hugmyndir þær, sem komið hafa fram hér á jörðu, um að bjarga mannkyninu. Frá hinum góðu stöðum, þ.e. jörðum, sem eru byggðar af miklu fullkomnari mannkynnum en hér er, hafa verið gerðar miklar tilraunir til að koma fram með hugskeytum, „innblæstri“ (inspiration) og slíku, nauðsynlegri þekkingu. En þær tilraunir hafa alltaf mistekist. Árangurinn varð átrúnaður, religion, þar sem einmitt það sem mest reið á að vita, komst ekki fram eða var mis-skilið. Fólkini í vorum tilveruhring hefir aldrei tekist að skilja, að það lifir eftir dauðann líkamlegu lífi í endursköpuðum líkönum, á öðrum jörðum. Og aldrei, að það er lífið á öðrum jörðum, sem ríður svo á að hafa samband við héðan af jörðu. Nú fyrst er að rofa til í þessum efnum. Nú fyrst er að byrja að takast hinn stórkostlega tilraun til að bjarga heiminum.

V

Frá upphafi má af íslenskri sögu marka, að þjóð vor er til mikils ætluð. Það var eins og valið úr bestu ættum jarðarinnar, til að fara að byggja þessa úteyju, sem á eftir að verða svo fræg. Héðan átti svo að nema hið mikla meginland, Ameríku, svo að þjóðin sem átti að eiga upptökin að því að bjarga mannkyninu, gæti orðið stórbjóð, og málið góða, heimsmál. En þó að þetta mistækist, þó að þjóð vor yrði hér

að kúra, og kæmist á heljarþrom, þá var samt aðeins um töf að ræða, en ekki fullnaðarósigur. Hin mikla tilraun er að byrja að takast. Og ef menn vilja hafa greind við, þá munu þeir verða varir við ýmislegt, sem er býsna eftirtektarvert, eins og t. a. m. það, hvernig hin stórkostlega breyting á íslensku árferði og öllum íslenskum högum, sem nú er að verða, er samfara því, að hin mikla tilraun er hér að byrja að takast. Og hefir þó fylgið ekki verið mikið hjá því, sem þurft hefði, en þó nóg til þess að hin góðu öfl hafa getað komið sér betur við en áður, til að hjálpa, og árangurinn af allri viðleitni manna til að bjarga sér og bæta þjóðarhaginn, því orðið meiri en ella mundi verið hafa.

27. febrúar '29